

1. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2022-2026 v/Undralands haldinn

14. júní 2022 kl. 13.00 í Leikskólanum

MÆTT: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir, sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri og Brynja Sólveig Pálsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Ragnheiður Kjartansdóttir, foreldraráðs

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra-munnleg skýrsla,
2. Starfsmannamál-munnleg skýrsla,
3. Húsnæði-viðhald og breytingar. Skólalóð-skýrsla heilbrigðiseftirlitsins
4. Umræða um laun sambærilegra starfa milli skólastiga og hvernig er hægt að styrkja leikskólastigið
5. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn. Formaður óskaði jafnframt eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Formaður fór yfir erindisbréf skólanefndar.

1. Skýrsla skólastjóra.

Ingveldur fór fyrir stöðu mála. Starfið hefur gengið vel. Tveir auka starfsmenn komu inn í vinnu í maí og voru það framhaldsskólanemar. Síðustu vikur hafa einkennst að uppbroti í starfinu með t.d vatnsviku, skógarviku, gönguviku.

2. Starfsmannamál

Auglýst var eftir starfsfólki í vor og fimm nýjar umsóknir bárust vegna starfa í leikskólanum og þrjár frá starfsmönnum sem nú eru í tímabundinni ráðningu. Auk þess eru 3 aðilar sem hafa haft samband eftir að umsóknarfrestur rann út. Auglýst verður aftur til að freista þess að fá inn fleiri faglærða starfsmenn.

Starfsmannaþörf fyrir haustið er að að lágmarki 15,7 stöðugildi næsta vetur þar af 12 stöðugildi kennarar og leiðbeinanda.

Það lítur vel út með að hægt verði að manna alla stöðu sem þarf að manna fyrir haustið þannig að hægt verði að byrja skólaárið.

3. Húsnæði-viðhald og breytingar. Skólalóð-skýrsla heilbrigðiseftirlitsins.

Farið var yfir þörf á viðhaldi á húsnæðinu og þær breytingar sem leikskólastjóri hefur lagt til á húsnæðinu til að bæta starfsaðstöðu. Einnig var farið yfir skýrslu heilbrigðiseftirlitsins þar sem gerðar eru ábendingar varðandi úrbætur sem þarf að sinna. Skólanefnd telur brýnt að farið verði í viðhald og þær ábendingar sem komu fram verði lagfærðar áður en skóli hefst í ágúst.

Einnig telur skólanefnd að þær breytingar innanhúss sem leikskólastjóri leggur til, til að bæta starfsmannaðstöðu verði tímasettar og fjármagn sett í þær.

4. Umræða um laun sambærilegra starfa milli skólastiga og hvernig hægt er að styrkja leikskólastigið.

Leikskólastjóri fór yfir útfærslur til að koma á mótis við mönnunarvanda á leikskólanum og til að styrkja leikskólastigið. Farið var yfir að t.d launamunur milli almennra starfsmanna skólastiga sé einn af þeim hlutum sem þarf að skoða í þeim efnum.

Skólanefnd telur það mikla nauðsyn að leiðrétta launamun á milli skólastiga hjá almennum starfsmönnum. Þannig að færa almenna starfsmenn leikskóla upp um launaflokka miðað við almenna starfsmenn grunnskóla. Leggur skólanefnd til að leiðréttingin verði gerð strax við upphaf nýs skólaárs í ágúst nk.

5. Önnur mál

Samþykkt að næsti fundur skólanefndar vegna leikskóla verði haldinn eftir sumarfrí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.